

Hæstvirtur sjávarútvegsráðherra, aðalfundarfulltrúar og aðrir gestir, ég býð ykkur öll velkomin á 30. aðalfund Landssambands smábátæigenda. Já, 30. aðalfund, og það þýðir bara eitt og það er að 5. desember nk. eru liðin 29 ár frá því að LS var stofnað og því verður félagið 30 ára á næsta ári.

Það er komið í umræðuna að haldin verði útihátíð trillukarla næsta sumar og þar verði margt sér til gamans gert, en þetta er sprottið út frá þeirri skemmtilegu útilegu sem að sumarfundur stjórnar LS varð að á nýliðnu sumri í Hólmavík.

Og er ekki ólíklegt að þar verði loksins komið á landsmóti trillukarla í golfi, en fyrir talsvert mörgum árum síðan kom tillaga þess efnis inná aðalfund að þeim viðburði yrði komið á koppinn.

En nú að öðru óskemmtilegra efni, í ár vill svo til að kvótakerfið er 30 ára og það útaf fyrir sig er umhugsunarefni hvar við stöndum í dag, þá meina ég gagnvart fiskistofnum, nýtingu þeirra, vexti og sjálfbærni. Árið 1984 var farið að stýra veiðunum og var það gert með hliðsjón af því hvað lærðir menn, svokallaðir fiskifræðingar töldu að væri af fiski í sjónum. Þetta þróaðist með árunum og veiðistjórn okkar byggist orðið á því í dag hvað kemur út úr töflureikninum eða öðru nafni Exel skjalinu, því allar forsendur eru fyrirfram gefnar. Botnvarpa sem að byrjað var að toga með fyrir um 30 árum síðan er enn notuð við mælingar, ákveðið mörg tog, ákveðin dagsetning og ákveðinn togtími.

Öllu saman skellt í Exelinn og ýtt á enter. Allar utanaðkomandi aðstæður útilokaðar. Meira að segja grásleppan sem lifir að mestu leyti sem uppsjávarfiskur er mæld með þessu sama botntrolli. Við stöndum frammi fyrir því að grásleppan er á valista umhverfissamtakanna WWF og er stofnmat eða áætluð ársveiði grásleppunnar hluti af valistiuninni. Mælingar Hafró eru langt frá því að geta verið raunhæfar. Í mars á þessu ári var sótt um MSC vottun fyrir grásleppu sem veidd er í íslenskri lögsögu, en markaðsaðstæður og rauðlistun umhverfissamtaka gerði það að verkum að seljendur grásleppuhroga sáu engan annan kost í stöðunni til þess að geta í raun haldið áfram að bjóða þessa vöru á almennum markaði. Grænland, eitt helsta samkeppnisland okkar í veiðum og sölu á grásleppu, sótti líka um MSC vottun fyrir grásleppuafurðir sínar. Í samtali við talsmann grænlenku veiðimannanna kom fram að mælingar þeirra á grásleppustofninum yrðu framkvæmdar af veiðimönnunum sjálfum til að hægt yrði að áætla veiðimagn og stofnstærð á komandi árum.

Þessar fréttir eru eitthvað sem við myndum vilja að yrðu skoðaðar af þér hæstvirtur sjávarútvegsráðherra, því grásleppukarlar og smábátasjómenn eru yfir höfuð alls ekki sammála þeirri aðferðafræði sem að Hafró beitir við sínar rannsóknir. Teljum við að sú þekking sem að sjómenn búa yfir og sú skráning sem fer fram við veiðar sé miklu meiri og markvissari en þau gögn sem náð er í einu sinni á ári til þess að hægt sé að meta heildarveiði næstkomandi fiskveiðiárs.

Nú þegar endurskoðun á aflareglu í þorski er til skoðunar eftir fimm ára tímabil á 20% veiði úr þorskstofninum, þá mætti líta til þeirrar staðreyndar að ekki veitir af meiri upplýsingum sem koma til útreikninga á áætluðum heildarafla. Útkoman sem að við sáum í aukningu á heildarveiði milli ára var vægast sagt hálf aumkunarverð þrátt fyrir loforð frá forstjóra Hafró. 240 – 250 þúsund tonna þorskafli á ári frá árinu 2014/2015, eða þegar aflareglan hefði gilt í 5 ár.

Varla þarf að nefna þau vandræði sem steðja að sjómönnum vegna ýsumagns á grunnslóðinni. Bátar sem róa allt frá Breiðafirði og austur að Langanesi eru búnir að vera í stökustu vandræðum á undanförunum árum og núna á þessu hausti hefur ýsuafli aukist jafnt og þétt á grunnslóðinni fyrir Austurlandi. Þessi vandræði eru heimatilbúin vegna þess, eins og við höfum áður sagt, að ef mælt er þar sem ýsan er ekki, þá er hún að sjálfsgöðu ekki til eins og kemur fram í kokkabókum Hafró.

Góðir gestir

Smábátæigendur og sjómenn þeirra geta verið og eru með eitt besta hráefni sem hægt er að koma með að landi, það hefur sýnt sig best í þeim verðum sem að fæst fyrir fiskinn á fiskmörkuðum. Línu- og handfærafiskur trónir þar á toppnum í verði. Smábátasjómenn hafa legið undir ámæli um að koma með lélegt hráefni að landi og er það hjá okkur eins og í öllum öðrum starfsstéttum að það eru til skemmd epli inn á milli, en á heildina litið eru þau prósent ekki mörg.

Það sýnir sig best hvaða hráefni menn vilja fá ferskt til útflutnings ef horft er til þeirra stóru fyrirtækja sem eru búin að fjárfesta í þeim minni fyrirtækjum sem að voru brautryðjendur í útflutningi á ferskum fiski. Það er engin tilviljun að bátar flestra, ef ekki allra þessara fyrirtækja eru að mestu leyti smábátar sem landa daglega.

Það sem að ég hef tekið eftir á þeim kynningum og ráðstefnum hjá kollegum okkar í N-Atlandshafinu, Noregi, Danmörku og Svíþjóð, svo ég nefni nokkur lönd, þá hefur það áberandi komið fram hversu mikið lægra verð þeir eru að fá fyrir fiskinn sinn en við hérna á Íslandi, þá meina ég ferskan fisk uppúr sjó. Samasem merkið þar á milli álít ég að sé að fiskur veiddur í net eða snurvoð er hátt í 75% af lönduðum aflu þar, meðan að um 13% af lönduðum aflu okkar er veiddur í net eða snurvoð. Það hefur verið reynt í nokkur ár, af ýmsum aðilum, að fá LS til að samþykkja að krókaafلامarksbátar fái að veiða í net og núna er ennþá meira þrýst á það vegna stöðugt minnkandi ýsuheimilda. Mín skoðun er sú að krókaafلامark eigi að veiða með línu eða handfærum og það segir sig auðvitað sjálft. Við eigum ekki að veiða fiskinn á þann hátt að minna hráefnisverð fáið fyrir hvert kíló, stjórnvöld þurfa að axla þá ábyrgð að standa í lappirnar og vera tilbúin að vinna að lausnum sem leysa tímabundin vandamál. Manni finnst stundum eins og sumum hlutum sé stillt þannig upp að ástandið sem skapast verði til þess að menn gefist upp í andófi fyrir þeim grunngildum sem að LS var að mestu leyti stofnað um, að veitt sé á króka og að veitt sé á smábátum.

Við höfum fengið heimsóknir frá öðrum löndum s.s. Bangladesh, Namibíu og S-Kóreu núna síðast og hafa þeir hrifist mikið af hversu vel veiðar smábáta eru skipulagðar, tæknivæddar og arðbærar og eins hve mikið er lagt upp úr hráefnismeðferð. Allir áttu þessir aðilar það sameiginlegt að spyrja að því sama, hvernig ríkið stuðli að því að útgerð sé möguleg og hvernig stjórnvöld styrki þá sem stunda sjómennsku og hvað það sé mikið. Þá vildu þeir fá upplýsingar um hvernig lán stjórnvöld veittu útgerðum, eða hverjir hvatarnir væru í stjórnkerfi fiskveiðanna.

Við skýrðum frá okkar aðstæðum að við stæðum algerlega á eigin fótum við að koma okkur af stað í útgerð. Það er ekki laust við að við færum hjá okkur við alsherjar hlátur gesta okkar, en við vorum fljótir að bæta því við að útgerðir þyrftu að greiða auðlindagjald til ríkisins og hláturinn steinhætti og menn göptu og trúðu vart sínum eigin eyrum.

Í því alþjóðasamfélagi, sem hæstvirtur sjávarútvegsráðherra notaði meðal annars sem átyllu til að stöðva makrílveiðar smábáta, er mikið litið upp til þeirrar stöðu sem að Ísland hefur og til þess hvernig strandmenning hefur haldist fram til dagsins í dag. Ferðamenn sem flykkjast til Íslands leiðist ekki að skoða hafnir landsins og fylgjast með strandmenningu þeirri sem að þeir eru margir hverjir að upplifa í fyrsta sinn á ævinni.

Stjórnvöld þurfa að gera sér grein fyrir því að tæknivæðing smábátaflotans, dugnaður og eljusemi eigenda og sjómanna er ekki eitthvað sem endalaust er hægt að ganga að vísu þegar sífellt er klifað á því að hagræðing og hagkvæmni sé það sem ráði ríkjum þegar upp er staðið. Menn þurfa að sjá tilgang í þeim störfum sem að þeir inna af hendi.

Það er ekki beint björt framtíð sem blasir við mörgum trillukörlum í baráttunni fyrir tilverurétti sínum í dag og virðist sem að flest, ef ekki allt, sé reynt til þess að brjóta menn á bak aftur í þeim aðgerðum sem að stjórnvöld einsetja sér að koma til framkvæmda. Þer síðasta aðgerð þingsins frá nýliðnu sumri vott um það, en það var að taka út allar tölur á bak við þá potta sem að strandveiðar, byggðakvóti, línuviltun o.f.l. byggja á og settu með því þann starfsgrundvöll sem að þeim snúa í uppnám.

Ég veit ekki hvort að hæstvitur sjávarútvegsráðherra geri sér grein fyrir þeirri mikilvægu stöðu sem að hann gegnir sem talsmaður sjávarútvegs í heild fyrir Ísland og hve miklu máli smábátar og veiðar smábáta skipta fyrir ímynd Íslands í heild.

Við þurfum að vinna að þessum málum saman og til þess þarf vilja og samræður. Það er skylda okkar gagnvart íslensku samfélagi að skila eins góðu hráefni og hægt er hverju sinni og hámarka verðmæti hverrar tegundar fyrir sig. Það á við um allan bolfisk og líka síld og makríl.

Þar eru smábátar í fremstu röð með ferskasta, verðmætasta og sjálfbærasta hráefni sem að völ er á.

Ágætu aðalfundarfulltrúar ykkar bíða brennheitar tillögur svæðisfélaga LS og í störfum ykkar í þeim nefndum sem þið eruð skipaðir í óska ég ykkur alls góðs við vinnu ykkar og ég efas ekki um að þessi aðalfundur LS muni skila vel unnum tillögum og ályktunum sem stjórnvöld koma til með að styðjast við og vinna eftir til framtíðar.

Ég segi 30. aðalfund LS settan.